

135. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna I. Halldórsdóttir, Bryndís Skúladóttir, Hafsteinn H. Gunnarsson, Eiður Guðmundsson, Ingbór Guðmundsson og Már Karlsson.

Staður og stund: Símafundur, þann 7. september 2012 kl. 10:00

Þetta gerðist

1. Stjórn skipar með sér verkum

Verkaskipting ákveðin þannig að Eiður er varaformaður, Bryndís ritari og Már gjaldkeri.

2. Fundarplan

Hafsteinn sendir tillögu að fundartímum. Þeir sem eru staddir í sama bæjarfélagi geta hist og aðrir verða í síma.

3. Landsáætlun

Ákveðið var að skrifa umsögn þar sem eftirfarandi atriði eru reifuð:

- Fenúr bjóði fram samstarf vegna samræmingar merkinga og litakerfa.
- Gagnrýnt verði að bakgrunnsvinnu vanti vegna tillagna um urðunartakmarkanir
- Bent á að skoða þurfi tilhögun framkvæmdar framleiðendaábyrgðar
- Fenúr bjóði fram samvinnu vegna fræðslumála og gagnasöfnunar.

4. Félagsgjöld

Umhverfisstofnun hefur lýst sig ósammála hækkun á félagsgjaldi. Stjórn mun benda á að fulltrúar Ust voru á aðalfundi þar sem hækkunin var samþykkt. Lagt var til að beina því til stofnunarinnar að nýta FENÚR meira sem vettvang fyrir samstarf og samráð við hagsmunaaðila.

Fundi slitið kl. 11:00. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 13. september kl. 15:00 í

Borgartúni 35, 4. hæð.

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir